


[Forsíða](#)
[Biskupsstofa](#)
[Kirkjustarf](#)
[KIRKJAN.IS](#)

[Kirkjustarf](#)
[Jólaefni](#)
[Helgihald](#)
[Prédikun og boðun](#)
[Sálgæsla](#)
[Barnastarf](#)
[Fermingarstarf](#)
[Unglingastarf](#)
[Safnaðarstarf](#)
[Starf með öldruðum](#)
[Leikmannastefna](#)


[Fyrirspurnir](#)
[Símanúmer og netföng](#)
[Póstlisti](#)
[Yfirlit yfir vefi kirkjunnar](#)
[Um vefinn](#)
[Fjölskylduþjónustan](#)
[Hjálparstarf kirkjunnar](#)
[Leikmannaskólinn](#)
[Prestssetrasjóður](#)
[Skálholt](#)
[Skálholtsútgáfan](#)
[Tónskóli Þjóðkirkjunnar](#)
[Biskupsstofa](#)
[Laugavegi 31, 150 Rvk.](#)
[Sími 535 1500, fax 551 3284](#)
[kirkjan@kirkjan.is](mailto:kirkjan@kirkjan.is)
[Prentvæn útgáfa](#)

## Pétur Björgvin Þorsteinsson og Þórdís Ásgeirsdóttir

### Þjónusta djákna á Landsmóti skáta 2002

Haustið 2001 hafði Guðmundur Pálsson, mótstjóri landsmóts skáta 2002 samband við Pétur Björgvin þar sem hann ljáði máls á því hvort að Pétur væri ekki tilbúinn sem skáti og djákni að starfa við landsmót skáta 2002 sem sjálfboðaliði með einhverskonar djáknaþjónustu. Eftir jákvæðar undirtektir Péturs komust á tengsl við Gunnar Atlason og Huldu Sólrúnu Guðmundsdóttur sem störfuðu að undirbúningi dagskrárinnar. Eftir samskipti í tölvupósti þar sem að Pétur kom með fyrstu tillögu að hlutverki, dagskrárþátttöku og aðbúnaði hittust ofangreindir aðilar á fundi á vordögum 2002. Þegar hér var komið við sögu hafði Pétur Björgvin fengið Þórdísi Ásgeirsdóttur, djákna til liðs við sig. Þess ber að geta að aðdragandi þessa samstarfs er frumkvæði Halldórs Elíasar Guðmundssonar, djákna en á landsmóti skáta á Úlfjótuvatni 1999 sá hann sem þáverandi framkvæmdastjóri ÆSKR um skipulagningu helgistunda á mótinu og fékk m.a. Pétur Björgvin til þess að sjá um nokkrar þeirra.

Hlutverk djákna á landsmóti skildi vera þrjúþætt. Fyrir það fyrsta skildu djáknar vera mótstjórn innan handar ef nauðsyn væri á sálrænni skyndihjálp, sálgæslu eða áfallahjálp. Í öðru lagi skildu djáknar annast kyrrðartjald sem komið yrði fyrir í miðjum búðunum og í þriðja lagi skildu djáknar sjá um helgistundir fyrir mótsgesti.

Nokkur umræða varð um helgistundirnar og var það ekki fyrr en rétt fyrir mótið sem ákveðið var að bjóða upp á helgistundir á morgnanna á ensku og síðdegis á íslensku. Þá var ákveðið að allar helgistundir skildu vera á hátíðarsviðinu.

Fjórum dögum fyrir mót mætti Pétur á mótsvæðið og vann við að koma aðstöðu djákna upp. Við þá vinnu naut hann aðstoðar Þorsteins Péturssonar, skáta á Akureyri. Nokkur bið varð á því að hið svokallaða kyrrðartjald væri sett upp þar sem að plássið sem var upphaflega hugsað fyrir tjaldið á milli alheimsþorps-ins og sjúkratjaldsins reyndist of lítið. En með smá tilfæringum fannst góð lausn á því, reyndar á kostnað áætlaðs sparkvallar við nýjar snyrtingar suður af alheimsþorp-inu. Einn helsti kostur nýrrar staðsetn-ingar var sá að hér gat kyrrðartjaldið verið kyrrðartjald á öllum tímum sólarhringsins. Til þess að hafa afdrepp fyrir persónuleg samtöl / sálgæslu leigðu djáknar hjólhýsi sem þeir settu upp við kyrrðartjaldið.

Á mótinu sjálfu gættu djáknar þess að annar þeirra væri alltaf á mótssvæðinu. Milli helgistundar að morgni (kl. 9.40) á hátíðarsvæði og að kveldi (kl. 17.00) var kyrrðartjaldið öllum opið og jukust vinsældir þess jafnt og þétt eftir því sem leið á mótið. Erlendar skátasveitir og skátaflokkar nýttu sér tjaldið að hluta til fyrir eigin helgistundir, fólk kom og settist inn, kveikti á friðarljósi eða spjallaði við djákna. Nokkuð bar á því að einstaklingar sem virtust að hluta til utanveltu í sinni skátasveit leituðu reglulega í tjaldið og/eða spjöllðu við djákna. Alls sóttu yfir 1.000 manns kyrrðartjaldið.

Fjölmennasta helgistundin var að morgni Vætta-dags, sem var hátíðardagur mótsins og almennur heimsóknardagur. Þennan dag var helgistundin í tengslum við frekari dagskrá á mótinu og því bæði betur kynnt og ekki eins aðþrengd innan um aðra dagskrárliði. Helgistundin sem fór fram bæði á ensku og íslensku var vel sótt, en um 150 manns voru mætt á hana um það bil sem hún var að hefjast. Í þessari helgistund sá Skátakórinn um sönginn og skátar endurnýjuðu skátaheitið. Önnur fjölmennasta helgistundin var að morgni miðvikudagsins, 17. júlí sem var fyrsti almenni mótsdagurinn. Þennan dag var engin póstadagskrá strax klukkan tíu og því rýmri tími fyrir þátttakendur til þess að sinna morgunverkum fyrir og eftir helgistund. Aðsókn á aðrar helgistundir var minni og tvær þeirra féllu alveg niður vegna þátttökuleysis. Í lok mótsins fréttum við að þátttökuleysis suma dagana hafði stafað af þeim misskilningi að fólk átti von á helgistundinni í kyrrðartjaldinu en ekki á hátíðarsvæðinu. Nokkrir einstaklingar nýttu sér helgistundirnar sérstaklega vel. Á langflestum helgistundunum var stór hluti skáta sem tilheyrðu dönskum, kristilegum skátum auk þess sem tveir kanadískir skátar voru

sérstaklega iðnir við að mæta á helgistundirnar. Báðir þessir hópar þökkðu sérstaklega fyrir þjónustu djákna.

Kaþólsk messa var haldin sunnudaginn 21. júlí í kyrrðartjaldinu. Frumkvæði að messunni höfðu kaþólskir, franskir skátar og fengu þeir kaþólskar systur og prest þeirra frá Akureyri til þess að annast messuna. Messan var vel sótt og hefði tjaldið ekki rúmað fleiri. Í tengslum við þessa messu fengum við þá ábendingu frá þó nokkrum einstaklingum á mótinu að þeir hefðu viljað geta sótt evangelíska messu þennan sunnudag.

Þessi reynsla sýnir tvímælaust að mikilvægt er að þessi þjónusta verði áfram á landsmótum skáta. Auk þess teljum við að báðir aðilar, Bandalag Íslenskra Skáta og Þjóðkirkjan hagnist af slíku samstarfi. Í þetta skiptið var samstarfið tengt persónum viðkomandi djákna. Þeir sinntu þessari vinnu sem sjálfboðaliðar og stóðu straum á öllum kostnaði sem af því hlaut fyrir utan það að Landsmót Skáta borgaði leigu á kyrrðartjaldinu og gaf djáknum frítt fæði á meðan á mótinu stóð. Við frekara samstarf þarf þjóðkirkjan að athuga hvort að hún geti ekki komið inn í þetta samstarf.

Um leið og við þökkum fyrir okkur, hugsum við lengra. Á næstu síðu er að finna lista yfir þau atriði sem við teljum að megi bæta til þess að gera þennan þjónustulið enn betri á næsta landsmóti. Grunntónninn á bak við þá hugmynd er sá að kyrrðartjaldið standi eitt og sér inn í miðjum landsmótsbúðunum og að í um 10 til 20 metra fjarlægð sé að finna aðsetur djákna. Þetta kyrrðartjald sé opið allan sólarhringinn og boðið sé reglulega upp á helgihald í tjaldinu sjálfu.

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni  
Þórdís Ásgeirsdóttir, djákni

Til athugunar við frekari framkvæmd:

- Helgistundir þurfa að vera tvær á sama tíma á íslensku og á ensku að morgni.
- Litla kirkjan / kyrrðartjaldið sé opið fyrir helgistundir skátasveita, skátaflokka og ýmissa hópa, t.d. kaþólskra.
- Kyrrðartjaldið þarf að tengjast dagskrá alheimsporpsins.
- Í tengslum við kyrrðartjaldið þarf að bjóða upp á sögu-, lista-, og tónlistartengda pósta í póstadagskrá mótsins.
- Við inngang kyrrðartjaldsins ætti að vera staðsett gestabók
- Á helgistundum væri heppilegt að nota svo kallaðar bænakörfur til þess að auka almenna þátttöku.
- Gefa foringjum kost á að koma með bænarefni frá sínum hópum á helgistundirnar
- Bjóða sveitum upp á að fá djákna í heimsókn fyrir t.d. eigin helgistund
- Gefa öllum bænapenna/blýant með þema kyrrðartjaldsins
- Finna leiðir til þess að tengjast starfsmönnum mótsins
- Vanda staðsetningu kyrrðartjaldsins (vin í alfaraleið)
- Aðsetur djákna/starfsfólks má ekki vera of nálægt kyrrðartjaldinu
- Bjóða upp á bænavegg í kyrrðartjaldinu svo að skátasveitir / einstaklingar geti hengt upp miða þar frá sér með bænaefnum
- Bjóða upp á sér helgistund einu sinni á mótinu fyrir st. Georgsskáta í samstarfi við þá
- Minna á endurnýjun skátaheitisins með t.d. veggspjaldi í kyrrðartjaldinu
- Bjóða gestum sem geta ekki verið á stóru helgistundinni á laugardeginum upp á helgistund með endurnýjun skátaheitisins
- Hafa Biblíur á sem flestum erlendum tungumálum til taks á staðnum
- Vanda samstarf við sjúkrahvakt